

Kirkjuþing 2025-2026

16. mál - þskj. 16a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og refsiverða háttsemi innan Þjóðkirkjunnar, nr. 52/2022-2023.

Flm. **Arnfríður Guðmundsdóttir** og **Elínborg Sturludóttir**.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr. starfsreglnanna:

2. málsg. 5. gr. falli brott.

3. málsg. 5. gr. orðist svo: Þeir sem skipaðir eru í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar skulu vera sérfróðir um þau mál er falla undir starfsreglur þessar og skal a.m.k. einn þeirra vera löglærður, annar skal vera guðfræðimenntaður og sá þriðji skal vera með menntun á sviði sálfræði, félagsfræði eða heilbrigðisvísinda. Enginn nefndarmanna skal vera í ráðningarsambandi við Þjóðkirkjuna.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Flutningsmenn telja að það hafi verið afturför þegar guðfræðimenntað fólk hætti að hafa aðkomu að málum innan þjóðkirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og refsiverða háttsemi innan þjóðkirkjunnar.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt að mikilvægt er að innan *aðgerðarteymisins, sbr. 5. gr. starfsreglnanna*, sé fyrir hendi guðfræðileg þekking á sviði sálgæslu, kirkjuskilnings, embættisskilnings og kristins mannskilnings.

Einmitt þetta var kjarninn í starfsreglum um meðferð kynferðisbrota frá árinu 1999 til 2018. Það er mikilvægt að treysta því að kæmi upp mál þar sem einhver fulltrúi teymisins gæti verið vanhæfur að sá hinn sami myndi hafa frumkvæði að því að stíga til hliðar. Sbr. 6. gr. starfsreglnanna.

Það er mjög mikilvægt í jafn viðkvæmum málum eins og hér um ræðir að fagleg þekking sé óvæfengjanlega til staðar hjá þeim sem taka sæti í Teyminu. Einnig er brýnt að Teymið gæti í hvívetna að afgreiðsla hvers og eins máls taki eins skamman tíma og frekast er unnt. Tímalengd á afgreiðslu svo viðkvæmra mála er lykilatriði að farsælli úrlausn þeirra. Þegar starfsreglur um Teymið voru samþykktar á Kirkjuþingi árið 2018 var það án efa markmið þingsins að tryggja að fagmennska vinnunnar væri hafin yfir allan vafa. Það er sannarlega verðugt markmið. Í þessu sem öðru er alltaf hætt á því, þegar verið er að taka til

og endurskoða vinnulag, „að barninu sé kastað út með baðvatninu“. Við teljum að það hafi verið gert í þessu tilfelli því sú gríðarmikla sérfræðipækking og reynsla sem guðfræðimenntaðir einstaklingar sem starfa á sínu sérsviði búa yfir hefur ekki nýst sem skyldi á undanförnum misserum.

Því miður virðist okkur flutningsmönnum þessa máls að á undanförnum árum hafi Þjóðkirkjan ekki treyst guðfræðimenntuðum einstaklingum að koma að úrlausn á vandasömustu málunum sem upp hafa komið á kirkjulegum vettvangi. Vitaskuld er mikilvægt að nýta sér sérfræðipækkingu annarra fræðasviða en engu að síður hlýtur hið guðfræðilega sjónarhorn ætíð að vera þungamiðjan í öllu starfi kirkjunnar.

Kostnaður mun ekki hljóta af samþykkt þessa máls.